

Mál nr. 64/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.

Slys starfsmanns á bifreiðastæði verslunar 23. nóvember 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. mars 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll og hlaut líkamstjón á bifreiðastæði við verslun X. M kveðst hafa verið á leið heim til sín úr vinnunni, en þar sem starfsmannainngangur, sem er fyrir aftan verslun X, var læstur þurfti M að fara út um aðalinnganginn og ganga hringinn í kringum húsið til að komast að bifreið sinni sem var lagt fyrir aftan húsið. Á leið sinni, eða nánar tiltekið á bifreiðastæðinu fyrir framan verslunina rann M í hálfu með þeim afleiðingum að hún datt illa og hlaut áverka á fótum.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. Er vísað til þess að það hafi verið óforsvaranlegt af hálfu X að hafa starfsmannainnganginn læstan í umrætt sinni og að slysið hefði aldrei gerst ef hann hefði verið ólæstur. Vísað er til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða um að umferðarleiðir starfsmanna skulu vera greiðfærar, en að læstar dyr séu augljóslega ekki greiðfær umferðarleið. Enn fremur er vísað til þess að X hafi ekki gætt að því að stéttin umhverfis verslunina hafi verið hættulaus og greiðfær, t.d. með því að sandbera eða nota aðra viðeigandi hálkuvörn.

V telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til atvika eða atriða sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á að lögum, og þ.a.l. bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að bifreiðastæði eða stétt við verslun X hafi verið hættuleg vegfarendum eða að mikil hálka hafi verið á svæðinu í kringum verslunina. Virðist veðurvottorð frá Veðurstofu Íslands gefa til kynna talsvert hátt hitastig dagana fyrir slysdaginn, miðað við árstíma. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til verslunareigenda um aðstæður í húsnæði verslana eða á bifreiðastæðum og verður ekki séð að X hafi vanrækt þær athafnaskyldur sem hvíla almennt á verslunareigendum um að tryggja öryggi vegfarenda, þ. á m. starfsmanna. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.